

**Nd.**

**448. Breytingartillögur**

**[141. mál]**

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ingólfi Jónssyni.

1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkv. því):  
Heimilt er mönnum að ganga undir próf í verklegum eignum í ákveðnum iðngreinum, þó að þeir hafi ekki stundað iðnnám hjá ákveðnum meistara eða iðnfyrirtæki, sem löggilt hefur verið samkvæmt 7. gr., né gert námssamninga samkvæmt 11. gr., ef þeir uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a. Hafa tekið próf frá iðnskóla í bóklegum fræðum eða annað próf, sem að dómi iðnfræðsluráðs jafngildir því prófi;
  - b. sanna með vottorði frá sveini eða meistara í iðninni, að þeir hafi starfað að henni og fengið í henni góða æfingu.Próflausnir þeirra, er óska að taka próf eftir þessari grein, skulu valdar af iðnfræðsluráði og prófdómendum og valdar þannig, að eins auðvelt verði eftir lausn þeirra að dæma hæfni nemanda til starfsins og þeirra, er nám hafa stundað fullan námstíma, eftir þeim prófverkum, sem fyrir þá eru lögð.  
Dæmist nemandi, er gengur undir próf eftir þessari grein, standast prófið, skal hann fá sveinsbréf undirritað af prófdómendum og formanni iðnfræðsluráðs.
2. Við 15. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 23. gr.“ komi: sbr. þó 24. gr.
3. Við 21. gr. Fyrir orðin „sbr. þó 15. gr.“ komi: sbr. þó 16. gr.
4. Við 26. gr. Fyrir orðin „er greinir í 25. gr. 3. a.—c.“ komi: er greinir í 26. gr. 3. a.—c.